

**6. haustþing SSNV,  
föstudaginn 21. október 2022**

---

# **FUNDARGERÐ**



**Davíð Jóhannsson  
Ástrós Elísdóttir**

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Dagskrá.....	2
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara .....	3
Fulltrúatal .....	3
Fjárhags- og starfsáætlun 2023 .....	4
Ávörp gesta .....	4
Erindi .....	4
Tillögur og ályktanir lagðar fram .....	5
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings .....	5
Fjárhagsnefnd .....	5
Allsherjarnefnd.....	5
Kosningar .....	6
Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára .....	6
Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára.....	6
Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára.....	6
Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára .....	6
Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára .....	6
Þingslit:.....	6

## Dagskrá

### 09:00 Þingsetning

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV (Þ4).

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara (Þ4).

### 09:10 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins

### 09:15 Fjárhagsáætlun 2023 og starfsáætlun 2023 (S2.1)

Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

### 9:30 Ávörp

Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvestur kjördæmis.

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 10:00 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um fjárhagsáætlun 2023.

Allsherjarnefnd fjallar um starfsáætlun og ályktun þingsins.

### Kaffi

### 10:30 Erindi:

10:30-10:50 Erlend samstarfsverkefni - Sveinbjörg Pétursdóttir og Davíð Jóhannsson, ráðgjafar SSNV.

10:50-11:10 Sveitarfélög í sókn - Magnús Barðdal, verkefnisstjóri fjárfestinga.

11:10-11:30 Sóknaráætlun Norðurlands vestra - Ástrós Elísdóttir, verkefnisstjóri Sóknaráætlunar.

### 11:30 Afgreiðsla nefndarálita

### 11:45 Kosningar

### 12.00 Þingslit og léttur hádegisverður

## Pingsetning, kjör pingforseta og pingritara

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Sigfús Inga Sigfússon sem 1. þingforseta og Hrund Pétursdóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ástrós Elísdóttir starfsmenn SSNV og varaþingritarar Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Matthías Rúnarsson, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

*Fjárhagsnefnd:* Elín Aradóttir, Húnabyggð, kallar nefndina saman.

Ritari: Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

*Allsherjarnefnd:* Sólborg S. Borgarsdóttir, Skagafirði, kallar nefndina saman.

Ritari: Davíð Jóhannsson

Einnig bauð þingforseti gesti haustþingsins; Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmann Norðvesturkjördæmis og Heiðu Björg Hilmisdóttur, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga velkomin.

## Fulltrúatal

Jóhanna Ey Harðardóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 27 fulltrúar og af þeim eru 23 mættir eða 85%.

Skv. því er þingið lögmætt.

Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Guðmundur Haukur Jakobsson	Húnabyggð	aðal
Elín Aradóttir	Húnabyggð	vara
Magnús Valur Ómarsson	Húnabyggð	vara
Ragnhildur Haraldsdóttir	Húnabyggð	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþing vestra	aðal
Friðrik Már Sigurðsson	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Eðvaldsson	Húnaþing vestra	aðal
Sigríður Ólafsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Erla Jónsdóttir	Skagabyggð	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Hrund Pétursdóttir	Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Skagafjörður	vara
Sólborg S. Borgarsdóttir	Skagafjörður	aðal
Sigurður Hauksson	Skagafjörður	vara
Guðný Axelsdóttir	Skagafjörður	aðal
Sveinn Þ. Finnster	Skagafjörður	aðal
Jóhanna Ey Harðardóttir	Skagafjörður	aðal

Pétur Örn Sveinsson	Skagafjörður	vara
Álfhildur Leifsdóttir	Skagafjörður	aðal
Steinunn Rósa Guðmundsdóttir	Skagafjörður	vara
Halldór G. Ólafsson	Skagaströnd	aðal
Hrefna D. Þorsteinsdóttir	Skagaströnd	aðal
Erla María Lárusdóttir	Skagaströnd	aðal

## Fjárhags- og starfsáætlun 2023

**Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV**, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2023. Þingforseti vísaði fjárhagsáætlun SSNV fyrir 2023 til fjárhagsnefndar og starfsáætlun SSNV fyrir 2023 til allsherjarnefndar.

## Ávörp gesta 1

### Heiða Björg Hilmisdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Heiða Björg þakkaði í upphafi fyrir boðið að fá að ávarpa þingið. Hún fór í máli sínu yfir þær mörgu áskoranir, sem sveitarfélögin standa frammi fyrir í augnablikinu. Hún lýsti yfir áhyggjum af komandi fjárlagafrumvarpi, en taldi von um að einhver innspýting gæti komið í málefni fatlaðra. Óvissa er með NPA samning sem er að renna út um áramót og ekki ljóst hver fjármagnar þá. Hún taldi viðbúið að víða væri snúið fyrir sveitarfélög að ná saman fjárhagsáætlun. Beðið er eftir hvernig húsnæðisáætlun á eftir að virka. Hún nefndi að fyrir móttöku fóttafólks væri rammasamningur tilbúinn en ennþá óundirritaður. Í þessum málaflokki væri mikilvægt að aðlögun tækist vel, sama gilti um Farsældarlögin. Úrgangsmál og stafræn þróun væru áfram umfangsmikil og kjaramálin væru einnig áskorun. Að því loknu var orðið gefið laust.

Sigfús Ingi Sigfússon, Halldór G. Ólafsson og Álfhildur Leifsdóttir lögðu fram spurningar, sem Heiða Björg svaraði.

Ávarp Stefáns Vagns var fært til loka þingsins af tímaástæðum. (sjá neðar)

## Erindi

Eftirtaldir fluttu erindi á haustþinginu og eru glærur úr erindum þeirra að finna á heimasíðu SSNV

- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og Davíð Jóhannsson ráðgjafar SSNV
- Magnús Barðdal, verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV
- Ástrós Elísdóttir, verkefnastjóri sóknaráætlunar hjá SSNV

## Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

### **Fjárhagsnefnd**

- Fjárhagsáætlun SSNV 2023

### **Allsherjarnefnd**

- Starfsáætlun SSNV 2023

- Ályktun þingsins

## Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

### **Fjárhagsnefnd**

**Elín Aradóttir** gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

*6. haustþing SSNV, haldið 21. október 2022, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2023. Sjá fylgiskjal*

Tillagan var samþykkt með 23 atkvæðum

### **Allsherjarnefnd**

**Sólborg S. Borgarsdóttir** gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

*6. haustþing SSNV, haldið 21. október 2022, samþykkir framlagða starfsáætlun SSNV fyrir árið 2023.*

Sjá fylgiskjal

Tillagan var samþykkt með 23 atkvæðum

Tvær breytingartillögur komu fram við ályktun þingsins og voru þær bornar fram til samþykktar. Báðar tillögurnar voru samþykktar með 23 atkvæðum.

*6. haustþing SSNV, haldið 21. október 2022, samþykkir fyrirbyggjandi ályktun þingsins er snýr að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og íbúa þeirra með áorðnum breytingum.*

Sjá fylgiskjal

Tillagan var samþykkt með 23 atkvæðum

Að aflokinni atkvæðagreiðslu kvaddi Þorleifur Karl Eggertsson Húnaþingi vestra sér hljóðs og vildi koma á framfæri ábendingu um hvort umræður og afgreiðsla breytingartillagna ætti ekki að fá meiri tíma á þinginu.

## Kosningar

Formaður kjörnefndar, Jóhanna Ey Harðardóttir, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

### Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára

Kristján Jónasson KPMG

### Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára

Margeir Friðriksson, formaður Skagafjörður

Elín Jóna Rósinberg Húnaþing vestra

Friðrik Halldór Brynjólfsson Húnabyggð

### Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára

Ragnhildur Haraldsdóttir, formaður Húnabyggð

Auk þess sitja formenn fagráða atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar í nefndinni.

### Fagrád atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

Hildur Þóra Magnúsdóttir Skagafjörður - formaður

Erla Gunnarsdóttir Húnabyggð

Gunnar Tryggvi Halldórsson Húnabyggð

Gunnsteinn Björnsson Skagafjörður

Rakel Runólfsdóttir Húnaþing vestra

### Fagrád menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

Elín Lilja Gunnarsdóttir Húnaþing vestra - formaður

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir Skagafjörður

Steinunn Gunnsteinsdóttir Skagafjörður

Valgarður Hilmarsson Húnabyggð

Jón Ólafur Sigurjónsson Skagaströnd

**Allar tillögur voru samþykktar með 23 atkvæðum**

## Ávörp gesta 2

### Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvestur kjördæmis.

Stefán Vagn þakkaði fyrir boðið að fá að ávarpa þingið og færði þingfulltrúum kveðjur frá öðrum þingmönnum kjördæmisins. Hann reifaði síðan í máli sínu þau ýmsu mál og þær fjölmörgu áskoranir sem uppi eru nú um stundir í störfum þingsins og snerta kjördæmið og landshlutann með einum eða öðrum hætti.

### Þingslit:

**Sigfús Ingi Sigfússon, þingforseti**, þakkaði fyrir gott þing.

**Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður SSNV**, þakkaði fyrir gott þing, bauð til næsta ársþings 2023 í Húnaþingi vestra og sagði þinginu slitið.

Þinggjörðina rituðu  
Davíð Jóhannsson og Ástrós Elísdóttir  
starfsmenn SSNV.